

Mál 11/2018

Ár 2018, miðvikudaginn 21. nóvember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 11/2018

Hundaræktarfélag Íslands

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda Hundaræktarfélags Íslands sem barst siðanefnd 10. maí 2018 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða X hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ þar sem við skráningu á hvolpum fæddum 18. desember 2017 hafi komið í ljós að bernese mountain dog rakkinn A, og tíkin B, voru ekki með gilt augnvottorð fyrir pörun.

Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 12. apríl 2018 og henni gefin andmælafrestur til 11. maí 2018. Svar barst frá kærðu dags. 10. maí 2018. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin þá ákvað nefndin að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Við skráningu á hvolpum fæddum 18. desember 2017 hafi komið í ljós að bernese mountain dog rakkinn A, og tíkin B, voru ekki með gilt augnvottorð fyrir pörun, en skv. grundvallarreglum félagsmanna þurfa þau að vera til staðar. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærðu brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og vera með tilskilin vottorð um heilsufarsskoðun fyrir pörun. Í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ, reglur sérdeilda segir um hundakynið Berner Sennenhund:

„Berner Sennenhund

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.02.2010). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012). Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun. (Gildir frá 01.02.00). Greinist hundur með mjaðmalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. (Gildir frá 01.02.2009). Greinist hundur með mjaðmalos/olnbogalos D eða E verða afkvæmi hans ekki

skráð í ættbók. (Gildir frá 01.01.2010). Lágmarksaldur í mjaðma-og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að tilskilin vottorð lágu ekki fyrir og telst kærða því vera brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Þar eð kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins þá þykir hæfileg refsing vera áminning.

IV. Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

F.h. siðanefndar

Kristín Fjóra Fannberg

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir